

Fundur í Nemendafélagi Heiðarskóla 22.09.2022 kl. 8:10

Mættir: Ingibjörg Elva 5. bekk, Hrafn Sölvi 6. bekk, Anton 7. bekk, Sædís og Eymar 8. bekk, Arna, Beníta og Mattías 9. bekk, Rakel Ösp og Berglind (varafulltrúi) 10. bekk.

Nýir fulltrúar boðnir velkomnir, farið yfir hlutverk Nemendafélagsins og fundargerð síðasta fundar frá því í vor.

- Nemendur í 9. og 10. bekk ræddu áhuga fyrir utanlandsferð vorið 2023. Hugmyndir að fjáröflun ræddar. Ákveðið að selja peysur og bjóða upp á mátun á foreldraviðtalsdegi 27. október. Einnig rætt um að halda ball.
- Sparkvöllurinn, áður ræddar ójöfnur og vatnssöfnun – skólastjóri fylgir málinu eftir við umsjónarmann eigna. Reglur á sparkvelli ræddar, unglingar vilja hafa völlinn út af fyrir sig í útiveru kl. 10:10 – 10:30, yngsta og miðstig vilja hafa völlinn fyrir bæði stigin í útiveru kl. 10:30 – 10:50. Hvoru tveggja samþykkt. Laga þarf netin í mörkunum – skólastjóri fylgir því eftir.
- Aðstaða fyrir hljóðkerfið í vinnslu.
- Ósk um að bjóða upp á skyndibitamáltíð einu sinni í viku. Umræður og bent á að boðið er upp á eitthvað slíkt reglulega.
- Er hægt að prófa klakavél í matsalnum? Skólastjóri skoðar það.
- Vantar fleiri hleðslunúrur fyrir spjaldtölvur – skólastjóri skoðar það.
- Meira inn í félagsrýmið, laga hornið þar sem guli glugginn er.
- Þar sem unglingum Heiðarskóla er boðið á þau böll sem haldin eru fyrir unglunga á Akranesi hefur komið upp umræða um að Heiðarskóli/Félagsmiðstöðin haldi eitt ball fyrir skólana á Akranesi í vetur. Vel tekið í það og umræður um hentugt húsnæði ræddar t.d. Heiðarskóli, Miðgarður eða Heiðarborg.
- Heimsókn í Brekkubæjarskóla fyrir unglunga í skoðun.
- Smiðja unglunga. Rætt hvort hægt sé að bjóða þeim nemendum sem æfa fimleika að fá að þjálfa yngri hópa á smiðjudegi í vetur á Akranesi. Vel tekið í það og skólastjóri skoðar málið. Einnig rætt hvort vinnuskólanemendur gætu fengið að vera með yngri börnum og jafnvel fá að þjálfa á Akranesi yngri hópa í stað þess að mæta í vinnuskólann. Bent á að í sumarfrístund 2022 voru nokkrir nemendur sem mættu sem aðstoðarmenn í sumarfrístund í stað þess að mæta í vinnuskólann.
- Klukkan í matsalnum í matsalnum einni mínútu of fljót.
- Það vantar klukku í félagsrýmið.
- Nemendur vilja fá útiklukkuna upp. Skólastjóri fylgir því eftir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 8:50